

Skólaráðsfundur 24. mars 2015

Fundur settur kl. 15:30 í rauða fundarherberginu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Halldórsdóttir varamaður annarra starfsmanna skólans, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra og Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra, Ísak Ólason fulltrúi nemanda og Katla Sif Friðriksdóttir fulltrúi nemanda.

Jóhanna (JM) bauð alla velkomna á fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

1. JM kynnti starfsáætlun 2014-2017 og spurði viðstadda hvort þeir hefðu einhverjar athugasemdir eða vildu ræða ákveðna þætti í áætluninni.

Þórhallur nefndi farsímanotkun en það vantar inn í áætlunina. Umræðan var á þá leið að farsímanotkun væri stórt og mikið mál og að einnig væru sjálfssagt skiptar skoðanir. Rætt var um notkun síma og hvað erfitt yrði að fylgja eftir banni. Fundarmenn voru þá sammála um að það þyrftu samt að gilda ákveðnar reglur.

JM nefndi að aðalvandamálin komi utan skólatíma. Hún nefndi t.d upplýsingar um að unglिंगadeild Lágafellsskóla væri með facebooksíðu. Og þar hafi komið upp ljót skrif og nemendum hent út af síðunni af upphafsmönnum síðunnar. Katla talaði um að að annað hvort ættu allir nemendur unglिंगadeildarinnar að vera meðlimir í hópnum eða það væri ekki svona hópur. Skólastjóri komst að þessu í morgun og er að athuga málið.

Þórhallur talaði um að gott væri ef skólinn og foreldrar myndu fá fræðslu um áhrif samfélagsmiðla og síma á nemendur.

Beðið var um að senda foreldrum tilkynningu um þegar áætlunin er komin inn á vefsíðu skólans. JM sagði póst verða sendan þegar áætlunin kæmi inn á síðuna. JM nefndi það hins vegar að ákveðnir þættir yrðu ekki tilbúnir fyrr en í byrjun næsta skólaárs.

2. Skýrsla vegna eineltiskönnunar – umbótaáætlun komin á heimasíðuna.

Samantekt á niðurstöðum könnunar . JM kynnti verkferlana sem og eineltishnappinn á heimasíðunni.

Umbótaáætlun - JM kynnti hana og talaði um einstaka liði.

GIS kynnti friðarborðið og bekkjarfundi

JM – nefndi að það hefði komið fram að stelpur legðu frekar í einelti og ein umbótin væri að vera með t.d. sjálfstyrkingarnámskeið fyrir stelpur.

JM nefndi að á starfsdegi í apríl fengju allir starfsmenn fræðslu um notkun friðarborðsins.

PIJ kom með athugasemd varðandi niðurstöður vegna spurningarinnar „Hvernig líður þér í skólanum og þekkingu þínum?“ Þar kemur fram að stór hópur sem svarar spurningunni þannig að þeim líði hvorki vel né illa. Spurning hvers vegna þau svara þessari sp svona. JM ætlar að kanna hvort hægt sé að skoða svörin betur.

3. JM bauð fulltrúum nemenda að segja frá félagsstarfi nemenda áður en farið væri í lið varðandi öryggi, aðbúnað og velferð nemenda.

Ísak og Katla nefndu Thriller leiksýningin og að nemendaráð hefði verið með sjoppuna.

Árshátíðin tókst mjög vel og mikið talað um hvað hún hefði verið flott. Þau voru mjög ánægð með annálinn og leynigesturinn var fulltrúi okkar í Eurovision.

Reynt er að breyta til, hafa fjölbreytilegt félagslíf og eitt af því er að prófa að hafa- stelpu og eða strákakvöld.

Spurt var um hvort það væri rígur á milli Varmáskóla og Lágafellsskóla og sagði JM hafa heyrt að rígur milli Varmá og Lágafellsskóla hefði aukist- sbr. Skólahreysti (nefnt var að nemendur beggja skólanna hefðu sýnt mikið keppnisskap). Fulltrúar nemenda segjast ekki finna þenna ríg enda séu þau mörg að æfa saman íþróttir eftir skóla.

4. Önnur mál.

Foreldrafélag ákvað á síðasta fundi að bæta sig hvað varðar upplýsingagjöf til foreldra og þá aðallega í gegnum heimasíðu skólans. PÍJ spurði hvort það væri möguleiki að foreldrafélagið fengi beinan aðgang að heimasíðunni til að setja inn upplýsingar til foreldra. JM ætlar að athuga þetta.

5. Öryggi, aðbúnaður og velferð nemenda.

Í skólanum er starfandi öryggisnefnd sem sér um þessi mál. Vinnueftirlitið tekur út allt sem viðkemur húsnæði skólans. Heilbrigðiseftirlitið sér um að gera úttekt á skólalóðinni.

Spurning hvort Höfðaberg hafi líka öryggisnefnd og hvort þar hafi verið gerð úttekt. JM ætlar að kanna það.

Það verður 70 nemendum færra á næsta ári sem gefur okkur meira svigrúm t.d. á notkun á matsalnum.

Höfðaberg – ÓKS sagðist ánægð með að tengibyggingin í Höfðabergi væri komin. Í framhaldi nefndi JM að hún sé vongóð að allt verði tilbúið þann 1. ágúst í Höfðabergi.

Að þessu loknu bauð Jóhanna fundarmönnum að ganga um skólann og skoða hann með tilliti til öryggis og aðbúnaðar nemenda.

Fundi slitið.

24. mars 2015

Guðrún Stefánsdóttir fundarritari.